



# Fréttabréf Kvenréttindafélags Íslands

Túngötu 14, 101 Reykjavík. Sími 551 8156 Bréfasími 511 5102 Netfang [krfi@krfi.is](mailto:krfi@krfi.is), [www.krfi.is](http://www.krfi.is)

1. tbl. 2004 Útgefandi Kvenréttindafélag Íslands. Ábm. Ragnhildur G. Guðmundsdóttir

## Í LJÓSI KVENNASÖGUNNAR

Kvenréttindafélag Íslands hefur undirbúning að hátíðahöldum í tilefni af 100 ára afmæli félagsins árið 2007 á glæsilegri hátíðadagskrá í tengslum við aðalfund félagsins laugardaginn 17. apríl nk. Dagskráin felst í því að fjórar valinkunnar kvenréttindakonur rifja upp hver sín 25 árin í sögu félagsins frá stofnun þess árið 1907 til dagsins í dag. Á eftir hverri upprifjun flytur einn brautryðjandi úr hópi kvenna stuttan texta tengdan tímabilinu. Að lokum fjallar Þorbjörg Inga Jónsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands, stuttlega um markmið félagsins í dag.

### Dagskrá:

Sagnfræðiupprifjun. Upplestur :

Tímabilið 1907 - 1932

Sigríður Erlendsdóttir og Vigdís

Finnbogadóttir

Tímabilið 1933 -1958

Björg Einarsdóttir og Elín Pálmadóttir

Tímabilið 1959 - 1984

Inga Jóna Þórðardóttir og Þórhildur

Þorleifsdóttir

Tímabilið 1985 - 2004

Bryndís Hlöðversdóttir og Auður

Haraldsdóttir.

Framtíðin; Þorbjörg Inga Jónsdóttir

formaður Kvenréttindafélagsins.

Við hvetjum allar félagskonur og aðra velunnara félagsins til að taka daginn snemma og fjölmenna á fróðlegan og skemmtilegan fund í fundarsal

Hallveigarstaða að Túngötu 14 í Reykjavík, en fundurinn hefst kl. 10.00 f.h. Að loknum fundi kl. 12.00 verður léttur hádegisverður. Þá hefst aðalfundur Kvenréttindafélagsins.

### 12.30 Aðalfundur KRFÍ

Skýrsla stjórnar

Ársreikningar KRFÍ

Skýrslur nefnda og fulltrúa

Skýrsla og reikningar MMK

Kosning stjórnar

Kosning í afmælisnefnd KRFÍ

Önnur mál

### Lækkar ástin laun kvenna?

Kvenréttindafélag Íslands stóð fyrir málþingi í Norræna húsinu 14. febrúar sl. undir yfirskriftinni "**Lækkar ástin laun kvenna**".

Bryndís Hlöðversdóttir, alþingiskona flutti ávarp, Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka hf. talaði um áhrif fjölskylduábyrgðar á launaákvæðanir, Sigrún Viktorsdóttir, starfsmannastjóri VR talaði um ábyrgð fjölskylduábyrgðar launþega á launaákvæðanir vinnuveitenda. Margrét Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins, fjallaði um fæðingarorlofslögin og Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur, um aðferðir til að hækka laun kvenna.

Fundarstjóri var Kristján Kristjánsson þáttastjórnandi Kastljóss.

Að loknum framsöguerindum var opnað fyrir almennar umræður. Málþingið sóttu um 90 manns.

## Árþing IAW í september 2004.

Í september á þessu ári er 100 ára afmæli International Alliance of Women, sem Kvenréttindafélag Íslands hefur átt aðild að síðan 1911 en tekið þátt í starfi samtakanna frá upphafi.

Kvenréttindafélagið hefur átt fulltrúa í stjórn samtakanna og hefur núverandi formaður KRFÍ, Þorbjörg Inga Jónsdóttir, setið í stjórn síðan á árþingi samtakanna á Sri Lanka 2002.

Í tilefni af afmælinu hefur stjórn IAW ákveðið að halda sérstakt afmælisþing í Berlín dagana 13. - 14. september 2004 undir yfirskriftinni, Jafnrétti - Jöfn ábyrgð, stjórnsmál, völd og þátttaka. Næstu daga á eftir, 15. - 18. september verður árþing samtakanna haldið í Freiburg og er gert ráð fyrir að þátttakendur geti valið hvort þeir taki þátt í báðum þingunum eða aðeins öðru. Stjórn Kvenréttindafélagsins vill hvetja félagsmenn til að taka þátt í þinginu, ekki síst þær konur sem tekið hafa þátt í starfi IAW á vegum KRFÍ. Skráningareyðublöð eru á skrifstofunni.

## Hvar er jafnréttið ?

17. mars sl. var haldið Málþing í Salnum í Kópavogi í tilefni 100 ára heimastjórnar í samstarfi, forsætisráðuneytis, Kvenréttindafélags Íslands og Háskóla Íslands; Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum og stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnsmála.

Markmið málþingsins er að bregða ljósi á stöðu kvenna við upphaf heimastjórnar, en á tímabilinu 1904-1918 fengu konur kosningarétt og kjörgengi til sveitastjórna og Alþingis og rétt til menntunar og embætta. Jafnframt var farið yfir helstu áfanga í réttindabaráttu kvenna síðustu 100 árin.

Barátta kvenna fyrir jafnrétti hefur oft verið skilgreind þannig að fyrstu áratugin hafi hún beinst að því að breyta lögum þannig að þau tryggðu konum sömu réttindi og körlum. Þegar í ljós kom að það var ekki nóg beindu konur sjónum m.a. að sjálfum sér, þær þyrftu að "breyta sér", sækja sér aukna menntun, aukin völd auk þess sem sjónum var beint að samfélagsgerðinni.

Á níunda áratugnum færðist áherslan yfir á reynsluheim og sérstöðu kvenna. Síðustu árin hefur sjónum verið beint að að báðum kynjum og leitað leiða til að flétta kynjasjónarmiðin inn í alla ákvarðanatöku. Á málþinginu var spurt: Hvaða félagslegu og huglægu þættir eru það sem standa í vegi fyrir fullri þátttöku íslenskra kvenna á öllum sviðum samfélagsins? Hvað þurfa stjórnvöld, fyrirtæki, konur sjálfar og karlar að gera? Hvernig gæti sameiginleg aðgerðaáætlun litið út.

**Árni Magnússon, félagsmálaráðherra og ráðherra jafnréttismála tilkynnti á málþinginu, að Ríkisstjórn Íslands hafi á fundi 17. mars ákveðið að reisa stytta af Bríeti Bjarnhéðinsdóttur, stofnanda og fyrsta formanni KRFÍ í garði Alþingishússins.**

## Fundarboð

Aðalfundur Kvenréttindafélags Íslands verður haldinn laugardaginn 17. apríl í fundarsal Hallveigarstaða, Túngötu 14 í Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 12.30

*Fréttabréf KRFÍ er gefið út af Kvenréttindafélagi Íslands, Túngötu 14, Reykjavík. Skrifstofa félagsins er opin mánudaga-föstudaga, kl.10-12 Sími: 551-8156 Bréfasími: 5115 102 Netfang: [krfi@krfi.is](mailto:krfi@krfi.is) Heimasíða: [www.krfi.is](http://www.krfi.is)*

Gleðilega páska.